

## Fundur

í stjórn Minningarsjóðs hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda, Dalabyggð, haldinn að Fellsenda miðvikudaginn 4. mars 2020

---

Fundinn sóttu Ólafur K. Ólafsson (ÓKÓ), formaður, Þórður Ingólfsson (ÞI), Eyjólfur Ingvi Bjarnason (EIB) og Anna Eiríksdóttir (AE). Garðar Ólafsson boðaði forföll.

### Dagskrá fundar.

#### 1. Frá Framkvæmdastjórn

Fundargerðir 40. og 41. fundar framkvæmdastjórnar kynntar.

#### 2. Stjórnendaskipti framundan, nýr hjúkrunarforstjóri kynntur.

Að fundi loknum verður kaffisamsæti með starfsmönnum Fellsenda. Þar verður Jóna Helga Magnúsdóttir, hjúkrunarforstjóri Fellsenda, formlega kvödd og henni þakkað gæfuríkt starf fyrir Fellsenda. Jafnframt verður Helga Garðarsdóttir boðin velkomin í starf hjúkrunarforstjóra.

Þær Jóna Helga og Helga munu sín á milli ákveða þá dagsetninguna í þessum mánuði þegar Jóna Helga lætur endanlega af störfum.

#### 3. Önnur mál

##### a. Greinargerð vegna athugunar á hugsanlegu samstarfi við Silfurtún

Greinargerð Guðmundar Jóhannssonar var send stjórnarmönnum með tölvupósti 5. febrúar sl. Fundarmenn voru sammála um að það væri gott að hún lægi fyrir.

##### b. Nýlegt ráðningarbréf endurskoðanda.

Bréfið frá 11. febrúar sl. lagt fram lagt fram.

##### c. Séra Anna Eiríksdóttir kynnt að biskup Íslands væri væntanlegur í heimsókn í Dalina 28. mars n.k.

Fundarmenn voru sammála um að taka á móti biskupi á Fellsenda af rausn.

##### d. Viðbrögð við kórónuveirunni COVID-19

Fundarmenn voru sammála að gæta allra þeirra viðbragða og fylgja öllum þeim leiðbeiningum, sem koma frá almannavörnum, til að gæta fyllsta öryggis og heilsu íbúa og starfsmanna Fellsenda.

Fundargerð ritar  
Ólafur K. Ólafsson